

Félagssfundur föstudaginn 28. nóvember 2014 kl. 17.00 í Alliance Française.

Áður en formlegur fundur hófst kom nýr sendiherra Frakklands á Íslandi hr. Philippe O'Quin til að hitta félagsmenn. Sendiherrann ávarpaði hópinn og tjáði vilja sinn til þess að halda áfram góðu samstarfi við félagið og styðja við það. Lagði hann áherslu á það mikla menningarstarf sem frönsk stjórnvöld standa að á Íslandi með því að reka hér Alliance Française og einnig talaði hann um útbreiðslu frönskunnar í heiminum, sterk og mikil viðskiptatengsl Íslands og Frakklands og hversu framarlega Frakkland er þegar kemur að vísindarannsóknum – allt atriði sem ættu að viðhalda og efla áhuga á tungumálinu.

Dagskrá:

1. STÍL og Málfríður.

- Eyjólfur tilkynnti að Petrína Rós hafi samþykkt að taka að sér formennsku í STÍL fyrir hönd FFÍ í mars 2015 og mun hún gegna embættinu í tvö ár. Sigrún Halla hefur tekið sæti í afmælisnefnd STÍL fyrir hönd félagsins.

- Ève lætur af störfum í ritstjórn Málfríðar og því þarf félagið að finna nýjan fulltrúa. Í framhaldi af þessu var rætt um á hvaða máli greinar í Málfræði ættu að vera eftir því hver ritar.

2. Sumarnámskeið FFÍ 2015.

- Eyjólfur tilkynnti að ákveðið hafi verið að halda sumarnámskeiðið 2015 á Íslandi, n.t.t. í Endurmenntun í Reykjavík fyrstu vikuna í júní. Michel Boiron hjá CAVILAM – eða samstarfsfólk hans – mun taka að sér kennslu á námskeiðinu sem mun fjalla um „les nouvelles technologies en FLE“. Þegar hefur verið send styrkbeiðni til SEF fyrir námskeiðinu.

- Solveig vakti máls á því að þeir kennarar sem eiga rétt á styrkjum fyrir sumarnámskeiðin séu einungis kennarar á framhaldsskólastigi, ekki grunnskólakennarar, háskólakennarar eða aðrir kennara sem vinna sem verktakar líkt og hún og fleiri. Að hennar mati er þetta ekki sanngjarnt því allir frönskukennarar ættu að geta notið góðs af þessum námskeiðum. Nokkur umræða skapaðist um þetta mál. Fram kom að ástæðan fyrir þessu fyrirkomulagi er sú að það er stéttarfélagssjóður framhaldsskólakennara og endurmenntunarsjóður þeirra sem bera kostnaðinn af þessum námskeiðum. Þá kom fram það sjónarmið að betra væri allir frönskukennarar væru í sama stéttarfélagi og hefðu sömu réttindi.

3. Fundir alþjóðasamtaka frönskukennara.

- Jóhanna Björk sagði frá fundi CEO (Evrópusamtök frönskukennara) á Möltu sem hún fór á fyrr í nóvember og því sem þar fór fram. Það sem m.a. var talað um á þeim fundi var að mikilvægt sé að félögin í hverju landi séu með einhvers konar verkefni („projet“) í gangi til að viðhalda starfseminni í samtökunum og kynni verkefni sín. Samskiptavefurinn Edmodo var kynntur á fundi CEO sem æskilegur miðill fyrir slík verkefni. FFÍ var með ákveðið verkefni í gangi fyrir nokkru („Le journal de l'élève“) en nú væri æskilegt að fram kæmu nýjar hugmyndir um slíkt verkefni sem yrði síðar hrint í framkvæmd. Rætt var um að nýta hluta vinnudagsins í janúar í að móta þetta verkefni.

- Jóhanna sagði einnig frá fyrirhuguðum heimsþingi alþjóðasamtaka frönskukennara í Liège í Belgíu 14.-21. júlí 2016. Undirbúningur fyrir þann fund er þegar hafinn og m.a. er fyrirhugað að setja upp ljósmyndasýningu með myndum af frönskukennurum alls staðar að í heiminum. Félagið þarf að velja sinn fulltrúa fyrir þessa sýningu og senda umbeðnar upplýsingar (mynd + upplýsingar um viðkomandi kennara).

4. Samkeppnir .

Jóhanna Björk kynnti mismunandi frönskukeppnir sem fyrirhugað er að halda veturinn 2014-2015.

- Í fyrsta lagi er fyrirhuguð „haiku“-keppni sem bæði kennarar og nemendur geta tekið þátt í. Senda þarf inn tilkynningu um þátttöku fyrir 15. janúar. Fundarmenn voru sammála um að félagið ætti að taka þátt í þessari samkeppni.

- Í öðru lagi er á dagskrá samkeppni fyrir frönskunemendur á vegum CEO. Þetta er keppni þar sem nemendur geta unnið saman í hópum og sent inn myndbönd. Valið verður úr myndböndum í hverju landi sem verður svo sent áfram í keppni milli Evrópulanda. Þema keppninnar er „lumières“ og er skilafresturinn 30. apríl 2015. Verðlaunin í keppninni eru peningaverðlaun, 600 evrur.

- Í þriðja lagi er á dagskrá hin árlega „Concours des lycéens“ á vegum FFÍ og sendiráðs Frakklands á Íslandi. Eftir að hafa skoðað þau námskeið sem eru í boði sem verðlaun í keppninni urðu stjórnarmeðlimir sammála um að verðlaunin að þessu sinni yrði námskeið í La Rochelle í tengslum við kvikmyndahátíðina sem haldin verður þar 26. júní – 6. júlí 2015. Í framhaldinu skapaðist nokkur umræða um „thème“ fyrir samkeppnina þetta árið og kom m.a. fram sú hugmynd að það gæti tengst „le cinéma“ á einhvern hátt. Ekkert var þó ákveðið endanlega varðandi efni keppninnar.

5. Sameiginlega frönskuprófið.

Eyjólfur sagði frá því að nú hafi sérfræðingarnir í Graz sent frá sér mat á sameiginlega frönskuprófinu okkar. Í heild var mat þeirra fremur jákvætt en það eru nokkrir þættir sem þarf að lagfæra, sérstaklega í munnlega hlutanum. Sú vinna er fyrirhuguð á vinnudeginum í janúar.

Fundi slitið klukkan 19.30.